



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
í hátíðarkvöldverði
til heiðurs Margrethe II Danadrottningu
á aldarafmæli fullveldis og sambandslaga
Íslands og Danmerkur
Bessastöðum
1. desember 2018**

Yðar hátign,
forsætisráðherrar Danmerkur og Íslands,
ráðherrar, aðrir góðir gestir

Fyrir hönd okkar hjóna þakka ég Yðar hátign og föruneysi Yðar þann hlýhug sem okkur er sýndur með heimsókn hingað til Íslands, nú þegar við Íslendingar fögnum því að rétt öld er frá því að Ísland varð frjálst og fullvalda ríki. Vissulega er dagurinn einnig merkur á sinn hátt í sögu Danaveldis. Því verður þó vart á móti mælt að tímamótin voru meiri hér á landi.

Eftir 1. desember 1918 áttu ríkin tvö áfram í nánun sambandi – konungssambandi – sem lauk svo með lýðveldisstofnun hér á Íslandi sumarið 1944. Áfram héldu þó þétt vinabönd tveggja þjóða, eins og dvöl Yðar hér í dag sýnir og sannar.

Sameiginleg saga Dana og Íslendinga verður aldrei einn samfelldur dýrðaróður, skárri væri það nú. Og segja má að vart verði fundinn betri staður til að lýsa henni í öllum sínum blæbrigðum en hér á Bessastöðum. Blessunarlega er þeirri sögu þannig farið að hún batnar mjög eftir því sem á líður. Hér drottnuðu lengi fógetar, hirðstjórar og aðrir bífalingsmenn konungs á meðan undirsátar áttu á hættu að dúsa í dýflissunni, þeirra þekktastur Jón Hreggviðsson sem Halldór Laxness gerði ógleymanleg skil í Íslandsklukkunni.

En hingað kom líka upplýsingin, að utan, frá kóngsins Kaupinhöfn. Um miðja átjándu öld er amtmaðurinn Jóhann Kristján Pingel sagður rækta hér grænmeti í stórum stíl, kál, rófur og svo mikið af sykurertum að nægði á borð

hans vetrarlangt. Hér var líka sáð byggi og enn má finna kúmen utar á nesinu, afrakstur þessara umbóta.

Og hér hófst einnig öflugt vísindastarf. Danski vísindamaðurinn Niels Horrebow mældi hnattstöðu Bessastaða árið 1749 (64°6' norðurbreiddar og 25° vesturlengdar frá Lundúnum). Sama ár hóf hann veðurmælingar, mældi loftþrýsting og hita um tveggja ára skeið, og kvaðst hissa á hvað hér væri hlýtt. Ögn innar á nesinu reis auk þess stjörnuskoðunarturn og vera má að einhverjar leifar hans finnist við fornleifauppgröftinn sem nýhafinn er við heimreiðina.

Svona mætti áfram telja. Á nítjándu öld var hér skóli og stúdentar héldu til háskólanáms í Kaupmannahöfn. Þar var allt með öðrum brag, borgarlíf og framfarir á meðan margt virtist drepíð í dróma á Íslandi. En þeir sneru samt flestir heim. Kannski leið mörgum eins og söguhetju Kims Leine sem fékk nýlega menningarverðlaun dönsku krónprínshjónanna fyrir verk sín um Grænland og Grænlandinga, okkar miklu vinþjóð, í sögu og samtíð. „Útlínur fjallsins hafa rist sig á sjónhimmur mínar og eru í æpandi andstöðu við þessa plægðu akra,“ segir sögumaður í Kalak, einni bóka Leines. Og reyndar þarf ekki að leita langt yfir skammt til að lýsa sterkum böndum af þessu tagi. „Römm er sú taug / er rekka dregur / föðurtúna til“ orti Sveinbjörn Egilsson, skólameistari og skáld hér á Bessastöðum.

Yðar hátign, kæru gestir: Bækur og bókmenntir, menntun og vísindi, ferðir yfir hafið. Þessir þættir hafa bundið okkur nánnum böndum og munu halda því áfram. Fyrir hönd okkar Íslendinga árna ég Danadrottningu og danskri þjóð heilla. Í þakkarskyni fyrir þann vinarhug sem okkur er sýndur á fullveldisafmæli okkar leyfi ég mér að færa Yðar hátign litla gjöf – ljósmyndabók með myndum úr fyrri heimsóknum dönsku konungsfjölskyldunnar, allt frá konungskomunni 1874 til síðustu vinafunda á nýrri öld. Ég vona að Yður muni líka gjöfin og að við munum í framtíðinni bæta nýjum köflum við þessa frændþjóðakróniku.

Kæru gestir: Ég bið alla viðstadda að rísa úr sætum og lyfta glasi til heiðurs hennar hátign, Margrethe II Þórhildi Danadrottningu.